

## INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2023, fimmtudaginn 1. júní var haldinn 113. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Kristinn Jón Ólafsson, Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartoszek og Sandra Hlíf Ocares sátu fundinn í fundarsal. Einnig sat fundinn með fjarfundarbúnaði Jón Pétur Skúlason og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir í fundarsal. Fundarritari var Margrét Lilja Gunnarsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda- og viðhalds, umhverfis- og skipulagssvið dags. 1. júní 2023, merkt USK23050015, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Land og verk ehf. í útboði nr. 15795 - Rimaskóli - utanhúsfrágangur. Áfangi 1-3. USK23050015  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarboði.

- kl. 13:06 Kjartan Magnússon tekur sæti á fundinum.

2. Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda- og viðhalds, umhverfis- og skipulagssvið dags. 22. maí 2023, merkt USK23050013, þar sem lagt er til að gengið verði að lægsta gilda tilboði í hverjum hluta fyrir sig, Fagkaup ehf/S. Guðjónsson og Rafskaup hf. í útboði nr. 15780 - Ráðhús Reykjavíkur - Lampar. USK23050013.  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarboði.

3. Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda- og viðhalds, umhverfis- og skipulagssvið dags. 5. júní 2023, merkt USK23050091, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Garðasmíði ehf. í útboði 15834 - Úlfarsárdalur - Stækkun hverfis-Umhverfisfrágangur 2023. USK23050091  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarboði.

4. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 2. júní 2023, merkt ÞON23060001, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Crayon Iceland ehf. í EES útboði nr. 15754 - Endurnýjun á Microsoft Educational samning. ÞON23060001.  
Samþykkt.

Helga Kristjánsdóttir, Tómas Guðmundsson og Sæþór Fannberg Sæþórsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lagt fram bréf skrifstofu fjármála og reksturs, Velferðarsviðs dags. 5. júní 2023, varðandi innkaup yfir 5 milljónir tímabilið janúar til mars 2023 með vísan í 3. og 4. mgr. 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar FAS23010067

6. Fram fer kynning úrskurðar kærunefndar útboðsmála frá 22. maí 2023 í máli nr. 43/2022 vegna útboðs nr. 15692 - Húsgögn (borð) fyrir grunnskóla, sem frestað var 113. fundi ráðsins 1. júní 2023. FAS22100314

7. Fulltrúar sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Eftirfarandi fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins eru hér með ítrekaðar um leið og lýst er furðu yfir þeirri upplýsingatregðu, sem kjörnir fulltrúar í innkaupa- og framkvæmdaráði þurfa að sæta. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær umræddum fyrirspurnum verði svarað. 1. Fyrirspurn um framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar við Litluhlíð, lögð fram á fundi ráðsins 16. júní 2022. 2. Fyrirspurn um framkvæmdir við leikvöll við Sæviðarsund, lögð fram á fundi ráðsins 16. júní 2022. 3. Fyrirspurn vegna verklegra framkvæmda á Snorrabraut, lögð fram á fundi ráðsins 8. september 2022. 4. Fyrirspurn um hvenær búast megi við svörum við áðurnefndum fyrirspurnum, lögð fram fundi ráðsins 26. janúar 2023.

8. Innkaupa- og framkvæmdaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Innkaupa- og framkvæmdaráð ítrekar nauðsyn þess að fyrirspurnum kjörinna fulltrúa í ráðinu sé svarað tímanlega. Hér er um að ræða nauðsynlegan hluta af eftirlitshlutverki ráðsins sem brýnt er að kaupendur innan borgarkerfisins virði og aðstoði með að sinna.

**Fundi slitið kl. 13:48**

Hjálmar Sveinsson

Kristinn Jón Ólafsson  
Kjartan Magnússon

Pawel Bartoszek  
Sandra Hlíf Ocares